

Steinunn Kristjánsdóttir

Skriðuklaustur – híbýli helgra manna

Áfangaskýrsla 2005



Steinunn Kristjánsdóttir

Skriðuklaustur – híbýli helgra manna

Áfangaskýrsla 2005

© Steinunn Kristjánsdóttir 2006.

Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsókna 2005.

Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna XI.

Útgefandi: Skriðuklaustursrannsóknir.

Útgáfustaður: Reykjavík.

ISBN 9979-9759-1-1

ISBN-13 978-9979-9759-1-5

Forsíðumynd: Frönsk reiknimynt frá miðöldum.

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| 1. INNGANGUR | 4 |
| 2. SAMSTARFS- OG STYRKTARADILAR ÁRIÐ 2005 | 4 |
| 2.1 KRISTNIHÁTÍÐARSJÓÐUR | 5 |
| 2.2 CULTURE 2000 OG LEONARDOÁÆTLUN EVRÓPUSAMBANDSINS | 5 |
| 2.3 RÍKISSJÓÐUR OG RANNÍS | 6 |
| 2.4 MENNINGARRÁÐ AUSTURLANDS | 6 |
| 2.5 NÝSKÖPUNARSJÓÐUR NÁMSMANNA | 7 |
| 2.6 IVALSA, HÁSKÓLINN Í FLÓRENS, LANDSVIRKJUN OG ÞJÓÐMINJASAFN | 7 |
| 2.7 AÐRAR STOFNANIR OG FYRIRTÆKI | 8 |
| 3. FORNLEIFARANNSÓKN | 8 |
| 3.1 VETTVANGSVINNA Á SKRIÐUKLAUSTRI, JÚNÍ - ÁGÚST 2005 | 8 |
| 3.1.1 Starfsmenn | 9 |
| 3.1.2 Lýsing rannsóknarsvæðis sumarið 2005..... | 10 |
| 3.1.3 Klausturhús..... | 12 |
| 3.1.4 Klausturkirkja | 13 |
| 3.1.5 Klausturgarður | 14 |
| 3.1.6 Grafir | 15 |
| 3.1.7 Gripir | 17 |
| 3.2 GREININGAR | 20 |
| 3.2.1 Leirker..... | 20 |
| 3.2.2 Frjókorn..... | 21 |
| 3.2.3 Kolefnisaldursgreiningar..... | 22 |
| 3.2.4 Mannabein..... | 22 |
| 3.2.5 Dýrabein | 24 |
| 4. NIÐURSTÖÐUR | 24 |
| 5. HEIMILDASKRÁ | 27 |
| 6. FYLGISKJÖL | 28 |
| 6.1 Rústir Skriðuklausturs að lokum uppgreftri haustið 2005..... | 29 |
| 6.2 Staðsetning sex gripa sem fundust við uppgroft sumarið 2005 | 31 |
| 6.3 Niðurstöður kolefnisaldursgreininga..... | 33 |

1. Inngangur

Árið 2005 var fjórða ár fornleifarannsókna á rústum Skriðuklausturs. Grafið hefur verið í rústirnar í tvo mánuði á sumri hverju frá upphafi rannsókna þar og hefur árangur í heild verið mjög góður. Samtals fundust 2515 gripir sumarið 2005 og hafa þeir allir verið skráðir og forvarðir. Klausturhúsin og kirkjan eru einnig farin að fá á sig enn heildstæða mynd sem samstæð húsaþyrping með klausturgarði fyrir miðju.

Í þessari skýrslu verður greint frá framvindu rannsóknarinnar árið 2005. Fyrst verður sagt frá styrktaraðilum og þeim fjárframlögum sem veitt var til hennar, síðan frá uppgreftinum á Skriðuklaustri sumarið 2005 en hann stóð yfir tímabilið 20. júní – 19. ágúst, og loks niðurstöðum greininga og úrvinnslu gagna, en vísað er til áfangaskýrslna 2002, 2003 og 2004 vegna frekari upplýsinga um fyrri ár rannsóknarinnar.

2. Samstarfs- og styrktaraðilar árið 2005

Skriðuklaustursrannsóknir¹ fengu úthlutað 7,2 milljónum króna úr Kristnihátíðarsjóði til rannsókna árið 2005. Auk þess fékk verkefnið úthlutað framlögum og styrkjum til sérverkefna úr ýmsum sjóðum. Framlöggin voru þessi:

- 1) 1,4 milljónir króna frá Culture áætlun Evrópusambandsins til frágangs á uppgraftarsvæðinu á Skriðu.
- 2) Ein milljón króna úr Leonardo áætlun Evrópusambandsins til þess að greiða ferða- og upphaldskostnað átta breskra fornleifafræðinga vegna starfa þeirra í níu vikur við uppgröftinn.
- 3) Ein milljón króna úr ríkissjóði til almenns reksturs uppgrafar.
- 4) Ein milljón króna úr RANNÍS til greiningu frjókorna.

¹ Stjórn félagsins Skriðuklaustursrannsókna (SKR) sem stofnað var haustið 2001 hefur yfirumsjón með fornleifarannsókninni á klaustrinu, annast framkvæmd hennar og sér um að kynna almenningi. Í stjórn þess sitja Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður, tilnefndur af Gunnarsstofnun (stjórnarformaður), Rannveig Þórhallsdóttir safnstjóri, tilnefnd af Minjasafni Austurlands (ritari), Hrefna Róbertsdóttir deildarstjóri, tilnefnd af Þjóðminjasafni Íslands, sr. Jóhanna Ingimarsdóttir prófastur, tilnefnd af Biskupsstofu og Erna Indriðadóttir upplýsingafulltrúi Alcoa á Austurlandi, án tilnefningar (gjaldkeri). Höfundur þessarar skýrslu er framkvæmdastjóri félagsins og verkstjóri rannsókna.

- 5) 400 þúsund krónur frá Menningarráði Austurlands vegna leiðsagnar gesta um uppgraftarsvæði og söfnunar efnis til heimildamyndagerðar.
- 6) 220 þúsund krónur úr Nýsköpunarsjóði námsmanna vegna greininga á leirkerjum frá Skriðuklaustri.

Auk þessa voru fjórar gerðir póstkorta, með myndefni úr uppgræftri, prentaðar og seldar sem minjagripir við uppgröftinn. Hagnaður af sölu kortanna nam tæpum 50 þúsund krónum en þau seldust upp á rúmum mánuði.

2.1 Kristnihátíðarsjóður

Skriðuklaustursrannsóknir eru að stærstum hluta reknar fyrir fjárframlagið sem veitt er úr Kristnihátíðarsjóði. Framlagið hefur fyrst og fremst verið nýtt til að greiða laun verkefnisstjóra, sérfræðings við úrvinnslu og sumarstarfsmanna, auk kostnaðar við rekstur skrifstofu og uppgrftar. Framlag þetta hefur tryggt það ár hvert að félagið hafi átt kost á því að sækja um mótframlög til erlendra og innlendra sjóða, og að efna til samstarfs við innlendar og erlendar stofnanir og fyrirtæki.

2.2 Culture 2000 og Leonardoáætlun Evrópusambandsins

Skriðuklaustursrannsóknir hlutu á síðasta ári styrk úr Culture 2000 áætlun Evrópusambandsins fyrir verkefni sem miðaði að miðlun niðurstaðna uppgraftarins á Skriðu. Verkefnið nefnist E-VACHE. Í því tóku þátt Wales, Þýskaland, Slóvakía, Ítalía, Kýpur, auk Íslands og Skotlands þaðan sem verkefninu er stjórnað af fyrirtækinu ARCH Ltd. Framlag þetta var nýtt til þess að endurgera þann hluta klaustursins sem þegar hafði verið grafinn fram haustið 2005 og gera hann aðgengilegan almenningi (sjá má afraksturinn á mynd 12). Framkvæmd verkefnisins var kvikmynduð vegna áætlunar um heildarendugerð bygginga klaustursins í tölvutæku formi. Fjármagnið var einnig nýtt til að greiða ferðir nema í fornleifafræði við Háskóla Íslands til þátttöku í sambærilegum verkefnum í aðildarlöndunum sex (sjá nánar heimasíðu á slóðinni: <http://arch.blogware.com/>).

Skriðuklaustursrannsóknir hlutu einnig fjórða árið í röð styrk úr Leonardo áætlun Evrópusambandsins til þess að þjálfa nýútskrifaðra fornleifafræðinga úr breskum háskólum. Verkefnið var unnið í samvinnu við breska fyrirtækið Grampus Heritage and Training Ltd. í Skotlandi (sjá nánar á slóðinni: <http://www.grampusheritage.fsnet.co.uk/>).

Fyrir fjárframlagið, sem veitt var til verkefnisins, var greiddur allur kostnaður sem snéri að þátttöku fornleifafræðinganna í uppgreftinum á Skriðu, s.s. ferðir milli landa og dagpeningar, í alls níu vikur. Átta fornleifafræðingar tóku þátt að þessu sinni og komu þeir úr háskólum víðs vegar um Bretland og Írland.

2.3 Ríkissjóður og Rannís

Veitt var samtals tveimur milljónum króna úr ríkissjóði og Rannís til rannsókna á Skriðuklaustri.

Framlagi ríkissjóðs var varið til áframhaldandi skráningu gagna og niðurstaðna, auk úrvinnslu teikninga sem allar eru unnar í forritinu MicroStation. Ragnheiður Gló Gylfadóttir meistaranemi í fornleifafræði var ráðin til þessara verka í hálfu stöðu í níu mánuði. Yfir sumartímamann vann hún í fullu starfi við annað verkefni (sjá síðar).

Framlagi Rannís var varið til rannsókna á garðrækt í klaustrinu. Sýnum hefur verið safnað frá upphafi rannsókna á Skriðuklaustri og vann Ragnheiður Erla Bjarnadóttir að greiningum frjókorna úr þeim. Úr niðurstöðunum vann síðan Hákon Jenson nemi í fornleifafræði undir leiðsögn framkvæmdastjóra. Hákon nýtti verkefnið til BA prófs í fornleifafræði og ber ritgerð hans yfirskriftina Klausturgarðurinn að Skriðu í Fljótsdal.

2.4 Menningarráð Austurlands

Sótt var um tvo styrki til Menningarráðs Austurlands á árinu. Annar þeirra var ætlaður til þess að ráða leiðsögumann sem taka ætti á móti gestum meðan á uppgrefti stæði en hinn var ætlaður til þess að taka uppgröftinn upp á myndband sem síðan mætti nýta til heimildamyndagerðar eða sem efni á margmiðlunardisk. Verkefni þessi voru að tillögu stjórnar ráðsins sameinuð og veittur einn styrkur að upphæð 400 þúsund krónur til þeirra beggja. Ákveðið var í framhaldi af styrkveitingu að ráða dr. Sigurð Ingólfsson bókmenntafræðing og fréttamann Stöðvar 2 á Austurlandi, til að sinna báðum verkefnum í einu. Vann hann við leiðsögn gesta í júlí, samhliða upptökum þegar við átti, auk þess sem hann kvikmyndaði vinnu við frágang og endurgerð klaustursins í lok ágúst.

Gestum þeim sem sótt hafa uppgröftinn heim hefur fjölgað um helming ár hvert. Fyrsta ár uppgrftarins, sumarið 2002 voru þeir um 200 talsins. Árið eftir voru þeir um 400 og svo ríflega 800 árið 2004. Í ár fjölgaði þeim enn um helming en gestir voru 1670 talsins.

Starfsmenn uppgraftrarins hafa reynt að sinna gestum og sýna þeim um rannsóknarsvæðið af bestu getu en reynsla sumarsins sýndi að nauðsynlegt er að ráða sérstakan leiðsögumann til uppgraftrarins ef vel á að vera.

2.5 Nýsköpunarsjóður námsmanna

Skriðuklaustursrannsóknir hlutu einn styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna árið 2005 til þess að ráða nema í fornleifafræði við Háskóla Íslands til þess að vinna að sérstöku verkefni um greiningu leirkerja úr rústum Skriðuklausturs. Það var Ragnheiður Gló Gylfadóttir meistaranemi sem vann við verkefnið í fullu starfi frá júní til september. Sótt var einnig um styrk til rannsóknar á kistugerðum úr kirkjugarði Skriðuklausturs en ekki fékkst framlag til hennar að þessu sinni.

Þáttur nemanda í verkefninu var að hanna sérstakan gagnagrunn í forritinu Access fyrir leirker sem fundist hafa við uppgröftinn á Skriðuklaustri. Stuðst var við gagnagrunn sem áður hafði verið hannaður fyrir sambærilega skráningu vegna Hólarannsóknarinnar. Eftir nákvæmar mælingar, tegunda- og upprunagreiningar voru öllu brot af leirkerjum frá Skriðuklaustri skráð í grunninn. Við uppgröftinn nú í sumar fundust enn fleiri brot sem bætt var við í hann jafnóðum og þau fundust. Unnið var jafnframt að rannsókn á dreifingu leirkersbrotanna innan rústa Skriðuklausturs, auk þess sem þau voru borin saman við leirker sem hafa fundist annarsstaðar á landinu en þó einkum á miðaldaverslunarstaðnum í Gautavík vegna hugsanlegrar tengingar hans við klaustrið.

2.6 IVALSA, Háskólinn í Flórens, Landsvirkjun og Þjóðminjasafn

Endurnýjaður var samstarfssamningur við Istituto per la Valorizzazione del Legno e delle Specie Arboree (IVALSA – Center for National Research) um vistfræðigreiningar og forvörslu á uppgrafarstað. Þrír sérfræðingar unnu við uppgröftinn frá stofnuninni að þessu sinni. Það var forvörðurinn, Guiseppe Venturini og doktorsnemarnir Chiara Capretti og Ilaria Santoni sem sinntu fornvistfræðigreiningum og aðstoðuðu við forvörslu timburs, m.a. úr líkkistum og inniviði bygginga.

Jafnframt var hafið samstarf við Háskólann í Flórens um nemendaskipti. Tveir íslenskir nemar í fornleifafræði við HÍ fóru til Ítalíu og tóku þátt í fornleifarannsóknum þar en á móti kom einn ítalskur nemi til Íslands og starfaði við uppgröftinn á Skriðuklaustri.

Nýr samningur var gerður við Landsvirkjun um áframhaldandi leigu á vinnubúðum með gisti- og eldunaraðstöðu á Teigi í Fljótsdal fyrir starfsfólk uppgraftrarins. Endurnýjaður var einnig samningur við Þjóðminjasafn Íslands um forvörslu sérstakra gripa, auk þess sem ákveðið var að Skriðuklaustursrannsóknir flyttu aðstöðu sína úr ReykjavíkurAkademíunni í húsnæði Þjóðminjasafnsins við Lyngás í Garðabæ. Rannsóknin verður áfram rekin þar sem sjálfstætt verkefni og með sama hætti og verið hefur til þessa.

2.7 Aðrar stofnanir og fyrirtæki

Aðrir styrktaraðilar Skriðuklaustursrannsókna sumarið 2005 voru Héraðsskógar á Egilsstöðum sem lánuðu verkefninu vinnuskúr og Skógrækt ríkisins á Hallormstað sem gaf eldivið til upphitunar í honum. Klausturkaffi á Skriðuklaustri veitti verkefninu góðan afslátt á hádegisverði starfsmanna á meðan á uppgreftinum stóð, auk þess sem Gunnarsstofnun lét því endurgjaldslaust í té aðstöðu til að þvo, ganga frá og forverja gripi, auk skrifstofuaðstöðu með aðgangi að tölvu og interneti. Gunnarsstofnun hýsir einnig heimasíðu Skriðuklaustursrannsókna á slóðinni www.skriduklaustur.is. Tvö fyrirtæki veittu verkefninu 25 % afslátt af vörum til uppgraftrarins en það voru Ljósmyndavörur í Skipholti (Fuji-film) og Húsasmiðjan á Egilsstöðum.

3. Fornleifarannsókn

Flestum áföngum settrar tíma- og verkáætlunar verkefnisins hefur verið náð til þessa. Uppgröftur hófst þann 20. júní og stóð til 19. ágúst. Frá því að uppgreftri lauk hefur verið unnið að úrvinnslu þeirra gagna sem aflað var þá, líkt og gert var hin fyrri ár.

3.1 Vettvangsvinna á Skriðuklaustri, júní - ágúst 2005

Við gerð framkvæmdaáætlunar fyrir sumarið 2005 var gengið út frá því að yrði það næst síðasta við rannsóknir á Skriðuklaustri að þessu sinni og var þá tekið mið af starfslokum Kristnihátíðarsjóðs um áramótin 2006 og 2007. Stefnt var að því að ljúka við opin svæði og að ný svæði yrðu opnuð þar sem útjaðar klausturrústanna að líkindum er. Unnið var sem fyrr við uppgroft alla virka daga og að venju unnu starfsmenn uppgraftrarins við

pökkun og frágang á gripum, ásamt Giuseppe Venturini og aðstoðarmönnum hans, þegar illa viðraði til útivinnu.

3.1.1 Starfsmenn

Starfsmenn uppgraftrarins voru sautján með verkefnisstjóra sem stýrði uppgreftri, auk fimm sérfræðinga, sem enn vinna sumir að greiningum af ýmsu tagi. Starfsmenn rannsókna Skriðuklausturs voru eftirtaldir á árinu en starfstími þeirra var mislangur, allt frá tveimur vikum upp í nokkra mánuði (mynd 1):

Steinn Kristjánsson, doktor í fornleifafræði, verkefnastjóri.
Ragnheiður Gló Gylfadóttir, mannfræðingur, MA-nemi í fornleifafræði við HÍ.
Hrafnkell Brimar Hallmundsson, nemi í fornleifafræði við HÍ.
Lísa Rut Björnsdóttir, nemi í fornleifafræði við HÍ.



Mynd 1. Starfsmenn uppgraftrar á Skriðuklaustri sumarið 2005.

Þóra Pétursdóttir, meistaranemi í fornleifafræði við Háskólann í Tromsø.
Elisabeth Su-Kim Scott, fornleifafræðingur.
Ana Marta Dixon, fornleifafræðingur.
Jeffrey Ken Mikamo-White, fornleifafræðingur.
Kenneth Malcolm MacKenzie, fornleifafræðingur.
Martin James Kelly, fornleifafræðingur.


Albína Hulda Pálsdóttir, fornleifafræðingur og doktorsnemi í New York.
Irene Cilio, nemi í fornleifafræði við Háskólann í Flórens.
Elisabeth Clara Rosa Wormer-Pando, fornleifafræðingur.
Sarah Elisabeth Allen, fornleifafræðingur og nemi í forvörslu.
Ashley William Tuck, fornleifafræðingur.
Chiara Capretti, fornvistfræðingur í doktorsnámi við Háskólann í Flórens.
Ilaria Santoni, fornvistfræðingur í doktorsnámi við Háskólann í Flórens.
Sigurður Ingólfsson, doktor í bókmenntafræði, leiðsögumaður.

Aðrir sérfræðingarnir voru þessir:

Giuseppe Venturini forvörður við Fornleifastofnunina í Toscanahéraði á Ítalíu.
Halldóra Ásgeirsdóttir forvörður á Þjóðminjasafni Íslands.
Graham Langford forvörður á Þjóðminjasafni Íslands.
Dr. Nicola Macchioni skógfræðingur hjá IVALSA.
Ragnheiður Erla Bjarnadóttir fornvistfræðingur, sjálfstætt starfandi.

3.1.2 Lýsing rannsóknarsvæðis sumarið 2005


Rannsóknarsvæðið á Skriðuklaustri einskorðast sem fyrr við svokallað Kirkjutún sem liggur um 150 metra austur af gamla bæjarstæðinu á Skriðu (mynd 2).



Mynd 2. Yfirlitsteikning af jörðinni Skriðu í Fljótsdal.

Áætlun sumarsins 2005 gerði ráð fyrir áframhaldandi rannsókn á klausturhúsunum og klausturkirkjunni, auk rannsókna á gröfum úr klausturgarðinum. Opnaðir voru fimm nýir

reitir sem merktir voru með bókstöfunum L, N, O, P og R. Einnig var haldið áfram og lokið við uppgröft á reitum H, I, J og K (mynd 3). Alls hafa átján 35 fm stórir reitir verið opnaðir innan rannsóknarsvæðisins frá upphafi rannsókna árið 2002 og er heildarstærð uppgrafins svæðis því 630 fermetrar.



SKRIÐUKLAUSTUR 2002 - 2005
MERKING SVÆÐA



Mynd 3. Merkingar reita innan rannsóknarsvæðisins á Skriðuklaustri (teikning: Ragnheiður Gló Gylfadóttir).

Rétt er að minna á að heildarstærð rannsóknarsvæðisins alls er talið vera tæpir 1200 fermetrar, sé tekið mið af niðurstöðum forkönnunarinnar sem gerð var á staðnum árið 2000², svo reikna má með að um helmingur rústa Skriðuklausturs hafi verið grafinn fram. Þegar uppgræftri var lokið sumarið 2004 mátti greina rústir klausturhúsa, ásamt kirkju og klausturgarði á því svæði sem þá hafði verið opnað en áður hefur komið fram að rými

² Steinunn Kristjánsdóttir 2001.

Þessi mynda eina samfellda byggingu. Fjögur herbergi klausturhúsanna höfðu þá verið grafin fram og farið var að sjást í það fimmta. Nú í sumar, 2005, bættust fleiri herbergi við, auk þess sem grunnform kirkjubyggingarinnar skýrðist til muna og klausturgarðurinn sömuleiðis (sjá fylgiskjal 5.1).³

3.1.3 Klausturhús

Eftir að uppgröftur hófst sumarið 2005 fundust tvö ný rými innan klausturhúsanna. Í öðru þeirra fannst eldstæði, sem þó hefur að líkindum ekki verið notað til matseldar, auk ýmissa leifa sem benda til þess að þar hafi verið einhverskonar vinnustofa (svæði H). Í rými þessu, sem er við hlið kapítulans, fannst töluvert af brennisteini, blekbytta úr leir með leifum af bleki, auk textílleifa. Um textílleifarnar verður fjallað í kaflanum um gripi.




Mynd 4. Á myndinni til vinstri er eldstæðið sem grafið var fram í vinnustofunni sumarið 2005 en á myndinni til hægri má sjá efstu lög rýmisins með seyðunum tveimur.

Austast á rannsóknarsvæðinu fannst annað rými (svæði L) og í því tveir seyðar af sömu gerð og þeir sem fundust á svæði A sumarið 2002. Hlutverk þessara tveggja nýju rýma er að ekki að fullu ljóst enn sem komið er, enda úrvinnsla gagna þaðan ekki lokið.

Uppgröftur á svæði O sýndi fram á rústir en óljóst er enn af hvers konar rými þær eru því aðeins örfá lög voru grafin upp þar. Könnunarskurður sem tekinn var við forkönnunina sumarið 2000 liggur innan þessa svæðis en í honum mátti greina byggingaleifar frá klausturtíma.⁴ Uppgreftri verður haldið áfram á svæði O, enda getur það skorið úr um hvort klausturhús sé að finna austan megin við klausturgarðinn.

³ Steinunn Kristjánsdóttir 2005.

⁴ Steinunn Kristjánsdóttir 2001, bls. 6 o.áfr.



Mynd 5. Túlkun þeirra rýma sem grafin hafa verið fram úr rústum Skriðuklausturs (teikning: Ragnheiður Gló Gylfadóttir).

3.1.4 Klausturkirkja

Síðastliðið sumar var haldið áfram við að grafa upp það svæði sem talið er tilheyra kór kirkjunnar, n.t.t. svæði K, og jafnframt byrjað á því að grafa í þann hluta miðskipsins sem liggur næst kórnum, þ.e. á svæðum N, P og R. Lokið var snemma sumars við uppgröft á svæði K, enda hafði það svæði verið opið frá sumri 2004. Ekki tókst að ljúka uppgræftri á öðrum svæðum og eru rústir þar mjög flóknar. Það er vegna þess að klausturkirkjan var notuð áfram ein bygginga klaustursins eftir að það var lagt af. Byggingarstig þar eru því a.m.k. tvö en aðeins eitt á klausturhúsasvæðinu sjálfu.

Af úttektum, sem gerðar voru árin 1641 og 1677, má ráða að klausturkirkjan á Skriðu hafi verið minnkuð umtalsvert og endurgerð um miðja 17. öld, enda var hún þá komin að

falli vegna viðhaldsleysis. Kirkjubyggingin virðist aftur í niðurníðslu sökum hirðuleysis á 18. öld og var gerð að útkirkju frá Valþjófsstað árið 1739. Um miðja öldina er hún aftur komin að falli og er afhelguð árið 1792, tæpum 200 árum eftir að klausturlifnaður leggst af á staðnum.⁵

Í efstu lögum svæða K, N, P og R, þar sem kirkjustæðið er, mátti einmitt greina leifar kirkjunnar sem byggð var úr grunni klausturkirkjunnar um miðja 17. öld. Uppgreftri á kirkjustæðinu er sem fyrr segir ekki lokið en svo virðist sem að aðeins kór klausturkirkjunnar hafi verið nýttur sem grunnur undir yngri kirkjuna, enda má gera ráð fyrir að hann hafi verið vandaðri en aðrir hlutar kirkjunnar og hún mun minni en sú fyrri. Líklegt er einnig að steinar og annað byggingarefni, auk innréttinga og kirkjugripa úr klausturkirkjunni, hafi verið nýttir áfram eftir endurgerðina á 17. öld.

Stærð kirknanna tveggja er enn sem komið er óljós en af þeim hluta klausturkirkjunnar sem þegar hefur verið grafinn fram má ráða að hún hafi verið mikil að smíðum. Í gólfí klausturkirkjunnar má greina stóra stoðarsteina, sem líklega hafa borið loft yfir kór, en þar má einnig greina leifar veggjaklæðninga úr víði. Steindir gluggar hafa verið í kirkjunni en brot úr þeim fundust á víð og dreif um allt kirkjustæðið.

3.1.5 Klausturgarður

Milli kirkjunnar og klausturhúsanna má greina skýrt afmarkaðan klausturgarð, þ.e. á rannsóknarsvæðum G, J og M).



Mynd 6. Brunnur fannst í miðjum klausturgarði Skriðuklausturs.

Í garðinum fannst brunnur (mynd 6). Neðst í honum fundust viðarleifar og nokkrir járnaglar og það bendir til þess að brunnurinn hafi verið klæddur að innan með víði. Brunnurinn fannst á svæði J (sjá myndir 3 og 5) en þar fundust engar rústir.

⁵ Helgi Hallgrímsson 2000, bls. 8-9.

Í klausturgarðinum var einnig jarðað. Á svæði G og M innan hans má greina 60 grafir. Hafa 37 þeirra verið grafnar upp en greint er frá þeim hér fyrir neðan.

3.1.6 Grafir


Sumarið 2003 var fyrsta gröfin grafín upp úr Skriðuklausturskirkjugarði, átján voru grafnar upp sumarið 2004 og sautján sumarið 2005. Ein beinagrind fannst utan grafa sumarið 2004 (fundanúmer SKR 2004-36-112). Beinasafnið frá Skriðuklausturskirkjugarði inniheldur nú samtals 37 beinagrindur, lausfundin beinagrind meðtalin. Númer þeirra grafa sem opnaðar hafa verið eru þessi:

Árið 2003 - 1.

Árið 2004 - 3, 8, 9, 11, 12, 13, 15, 16, 18, 20, 25, 26, 42, 43, 44, 46, 51 og 53.

Árið 2005 - 6, 19, 21, 22, 23, 28, 29, 30, 32, 33, 45, 47, 56, 57, 58, 60 og 61.

Haustið 2004 var einföld greining gerð af Teresu Hawtin á beinum í fyrirbyggjandi beinasafni.⁶ Vorið 2006 gerði svo Guðný Zoëga heildargreiningu á fimm sérvöldum beinagrindum en stefnt er að því að hún taki að sér að greina allt safnið smám saman.



Tafla 1. Aldurskipting innan kirkjugarðs á Skriðu.

Þegar beinasafnið er skoðað með lauslegri heildargreiningu vekur athygli skýr aldurs- og kynskipting innan garðs. Aðeins ein beinagrind karlmanns hefur fundist. Konur og börn eru í miklum meirihluta. Börnin eru á mismunandi aldri, allt frá því að vera fyrirburar til þess að vera 10 ára gömul (tafla 1).

⁶ Steinunn Kristjánsdóttir 2005, bls. 32-35.

Ekki virðist af skiptingunni að ráða sem að um fjölskyldutengda dreifingu grafa hafi verið að ræða en slík aldurs- og kynskipting innan kirkjugarða er aðeins þekkt frá fyrstu öld kristni á Norðurlöndunum öllum.⁷ Rétt er að benda á að grafir hafa aðeins fundist á svæðum F, G og M, þ.e. sunnan og norðan við kirkjuna, en líklegt má telja að jarðsett hafi verið allt í kringum hana og í jafnvel inni í henni einnig.

Fleira hefur vakið athygli við greiningu mannabeinanna. Það eru skýr einkenni meinafræðilegra breytinga af ýmsum gerðum, s.s. sjúkdóma, fötlun eða áverka, á nánast öllum beinagrindum fullorðinna úr kirkjugarðinum. Um er að ræða beinbrot, tannigerðir, tannholdsbólgu, berkla, króníska lungnabólgu, holdsveiki, sárasótt, holgóma og höfuðáverka svo eitthvað sé nefnt (mynd 7).



Mynd 7. Nokkur dæmi um ýmis sjúkdómseinkenni á beinagrindum frá Skriðuklaustri.

Í allflestum tilfellum er um að ræða mjög langt gengna sjúkdóma sem auðvelt er að greina með auganu.

Þessi fjöldi sjúkra einstaklinga sem hlotið hafa leg í Skriðuklausturskirkjugarði bendir til þess að á staðnum hafi verið rekið hospital eða griðastaður fyrir sjúka og fátæka. Engar heimildir eru um slíka starfsemi á staðnum en vitað er að eitt helsta hlutverk klaustra var að líkna sjúkum og fátækum. Staðfest hefur verið með kolefnisgreiningum að sumar sýktu beinagrindanna eru frá klausturtíma en þær eru það ekki allar. Bendir það til áframhaldandi spítalastarfsemi á Skriðu eftir klausturtíma.

⁷ Nilsson, Bertil 1994, bls. 27 o.áfr.

Greining frjókorna á staðnum styður þá tilgátu að hospital hafi verið rekið á staðnum en ljóst er að lækningajurtir voru markvisst ræktaðar á Skriðu, einkum á klausturtíma.⁸ Bendir það til lyflækninga en áhöld til lækninga sem fundist hafa við uppgröftinn benda til þess að handlækningar hafi einnig verið stundaðar þar.

3.1.7 Gripir

Samtals voru 2515 gripir skráðir í fundaskrá uppgrafrarins sumarið 2005 og eru það talsvert fleiri gripir borið saman við fjölda þeirra árin áður. Alls eru gripir fundir við uppgröftinn á Skriðuklaustri orðnir 5444 sem telja má nokkuð eðlilegan fjölda miðað við aldur og gerð rústanna.



Mynd 8. Nokkrir gripir sem fundust á Skriðuklaustri sumarið 2005: liljulauf, skæri, innsiglihringur með upphafsstöfunum 0 S, lykill úr kistli, glóðaker, ljóshald, brot úr steindum glugga, kotra og kross ristur í kistulok.

⁸ Hákon Jensson 2005.

Fjölgun gripa árið 2005 miðað við hin árin á undan er til komin vegna þess að í ár var grafið í yngri jarðlögum en áður, þ.e. þar sem kirkja stóð fram til loka 18. aldar. Fleiri gripir finnast venjulega í yngri jarðlögum.

Gripir frá árinu 2005 skera sig jafnframt úr gripum annarra ára rannsókna á Skriðuklaustri, einkum fyrir fágæti þeirra. Heill altarisstein fannst, reiknipeningur, líkneski, liljulauf, skæri, innsiglihringur, leifar kistils með lykli og lás, glóðaker, ljósahöld ýmiskonar, fjölmörg skreytt brot úr steindum gluggum klausturkirkjunnar, kotra, dúkur úr líni eða brenninetlu, nokkrir bíldar, rak- og matarhnífar, auk fjölda annarra hefðbundinna gripa (sjá má staðsetningu sex þessara gripa innan rústasvæðisins í fylgiskjali 5.2). Einnig fannst kross sem hafði verið ristur á lok einnar líkkistu en ekki hafa áletranir eða ristur í við fundist áður við uppgröftinn (mynd 8).



Mynd 9. Brot af líkneski úr leir fannst á Skriðuklaustri sumarið 2005.

Líkneskið er af einum guðspjallamannanna fjögurra, Markúsi, Matteusi, Lúkasi eða Jóhannesi því manneskjan sem á því er heldur á bók (mynd 9). Manneskjan er í síðum kufli og stendur á stalli sem skreyttur er kórónum og vínberjaglössum. Líkneskið var brotið þegar það fannst en sjá má á stallinum að það hafi verið holt að innan. Það er handgert úr jarðleir en á því innanverðu má greina fjölda fingrafara. Leirtegundin bendir til þess að það hafi verið framleitt í Þýskalandi á tímabilinu 1400-1500 en skreytingarnar

sem greina má á stalli þess benda til þess að það gæti verið frá því eftir siðaskipti.⁹ Leitað var til ýmissa sérfræðinga við frekari greiningu á því en án árangurs. Líkneskið fannst í kór kirkjunnar.

Í klausturrústunum, n.t.t. á svæði L, fannst peningur, svokallaður „abbey token“, sem notaður var til að sýna skuldastöðu og gera grein fyrir reikningsskilum, s.s. tíund, meðal manna. Á annarri hlið hans eru franskar sverðliljur, sem eru tákn frönsku konungsættarinnar. Á hinn hlið hans er Möltukross, sem er tákn musterisriddaranna (mynd 10). Þannig kann þarna að vera komin ápreifanleg tenging við miðaldamenningu Evrópu og ekki síst þá frönsku. Minnt skal á í þessu sambandi að sá sem kom klaustrinu á fót, Stefán Jónsson biskup í Skálholti, var menntaður í Frakklandi.



Mynd 10. Reiknipeningurinn frá Skriðuklaustri.

Lokið hefur verið við forvörslu á öllum gripum frá uppgreftri á Skriðuklaustri. Að undanfögnu hefur einnig verið unnið að greiningum lækningaáhalda sem fundist hafa við uppgröftinn. Það er dr. med. Annette Frölich sem unnið hefur að þeim og hefur hún m.a. fundið skurðar- og blóðtökunífa í gripasafninu. Greiningum hennar er ekki lokið en unnið verður áfram að almennum greiningum á gripum með tilliti til formgerðarfræði og efnissamsetningar, allt eftir því sem við á.

⁹ Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2005.

3.2 Greiningar

Greiningar voru gerðar á leirkerjum, frjókornum, kolefnisaldri, mannabeinum og dýrabeinum. Engum þessara greininga hefur verið lokið, heldur miðuðust þær við ákveðna þætti, s.s. ár eða sýni.

3.2.1 Leirker

Ragnheiður Gló Gylfadóttir vann að greiningu leirkerja frá uppgreftinum árin 2002-2005. Samhliða greiningu skráði hún leirkerjabrotin í þar til gerðan gagnagrunn sem byggður var upp í forritinu Access. Afrit var fengið af leirkerjagagnagrunni sem notaður hefur verið við fornleifarannsóknina á Hólum í Hjaltadal undanfarin ár og lagaði Ragnheiður hann að aðstæðum á Skriðuklaustri.

Ragnheiður greindi um 108 brot úr alls 7-8 leirkerjum og einu líkneski úr fyrirbyggjandi leirkerjasafni Skriðuklausturs. Í öllum tilfellum var um innfluttan steinleir og rauðan jarðleir að ræða, aðallega frá Skandinavíu og meginlandi Evrópu.¹⁰ Í safninu eru brot af diskum, jafnt sem krukum, skálum og byttum.



Mynd 11. Brot úr innfluttum skaftpotti úr rauðum steinleir. Frá því um 1500 (ljósmynd Ragnheiður Gló Gylfadóttir).


Ragnheiður bar saman leirkerjabrotin frá Skriðuklaustri við þau brot sem fundust við uppgröft á verslunarstaðnum Gautavík í Berufirði. Umsvif voru mikil í Gautavík á sama tíma og klaustrið á Skriðu var starfrækt. Leirkerjabrotasafnið frá Gautavík er talsvert stærra en það frá Skriðuklaustri. Niðurstaða Ragnheiðar var sú að bæði söfnin eru mjög lík að innihaldi, þó magn rauðs jarðleir sé langtum meira í Gautavíkursafninu en í því

¹⁰ Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2005, bls. 3.

sem er frá Skriðuklaustri (mynd 11).¹¹ Vísað er til skýrslu Ragnheiðar vegna frekari niðurstaðna og greininga á leirkerjunum frá Skriðuklaustri.

3.2.2 Frjókorn

Greiningu frjókorna var haldið áfram árið 2005 en fyrstu greiningar frjókorna frá Skriðuklaustri voru gerðar síðla sumars 2004. Ragnheiður Erla Bjarnadóttir hefur unnið að þeim frá upphafi en með aðstoð Hákon Jensonar fornleifafræðings. Hákon safnaði sýnum og undirbjó þau til greininga og talningar. Fyrstu niðurstöður bárust haustið 2004 og notaði Hákon þær við gerð BA ritgerðar sinnar í fornleifafræði um klausturgarðinn á Skriðu.¹² Um greiningar hans er nánar fjallað í áfangaskýrslu Skriðuklaustursrannsóknna 2004.¹³



Tafla 2. Niðurstöður frjókornagreininga 2005.

Tilgangur frjókornarannsóknanna var að kanna hvort ræktun af einhverju tagi hafi átt sér stað í klaustrinu eins og tíðkað var í öðrum evrópskum miðaldaklaustum. Niðurstöður greininganna hafa verið afdráttarlausar til þessa en þær sýna fram á skipulagða ræktun jurta, einkum til lækninga, á Skriðu á klausturtíma.

¹¹ Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2005, bls. 121.

¹² Sjá Hákon Jenson 2005.

¹³ Steinunn Kristjánsdóttir 2005.

3.2.3 Kolefnisaldursgreiningar

Veturinn 2004-2005 voru sjö sýni valin úr gagnasafni Skriðuklausturs og send til kolefnisaldursgreininga hjá Beta Analytic Institution í Flórída í Bandaríkjunum og AMS Laboratoriet í Árósum í Danmörku. Sýnin innihéldu í öllum tilfellum mannabein en ætlunin var með greiningunni að fá svar við því hversu lengi kirkjugarðurinn við Skriðuklaustur var í notkun. Niðurstöður hafa borist úr greiningum á öllum sýnunum sjö og hafa þær einnig verið leiðréttar með tilliti til ísótópa og kolefnisupptöku. Dr. Jan Heinemeier við AMS Laboratoriet í Árósum sá um leiðréttingar á niðurstöðum allra greininganna, þ.e. einnig frá Beta, með hliðsjón af fæðu og breytilega upptöku kolefnis í tíma. Greint var frá niðurstöðum greininga frá Beta Analytic Institution í áfangaskýrslu Skriðuklaustursrannsókna 2004¹⁴ en niðurstöður frá AMS Laboratoriet eru birtar í heild sinni sem fylgiskjali 5.3 í þessari skýrslu.

Ef marka má niðurstöður greininganna, þá var augljóslega jarðað á Skriðu á klausturtíma og jafnvel skömmu fyrir hann líka. Greftrun þar var haldið áfram þar til kirkjan var lögð af við lok 18. aldar. Líklegt er þó að aðeins heimamenn á Skriðu hafi átt leg í Skriðuklausturskirkjugarði eftir að klaustrið var lagt af um miðja 16. öld, enda sóknarkirkja skammt þar frá. Áframhaldandi greiningar, svo og rannsókn á kirkjustæðinu, geta skorið úr um tímasetningu umsvifa á Kirkjutúninu á Skriðu.

3.2.4 Mannabein

Að loknum uppgreftri haustið 2004 vann Teresa Hawtin, meistaranemi í mannabeinafræði við Háskólann í Sheffield, um tveggja vikna skeið að greiningu mannabeina sem grafin voru upp á Skriðuklaustri árin 2003 og 2004. Henni til aðstoðar voru mannabeinafræðingarnir Hildur Gestsdóttir og Guðný Zoëga. Niðurstöður hennar voru birtar áfangaskýrslu Skriðuklaustursrannsókna 2004.¹⁵ Mannabeinagreiningarnar voru gerðar bæði í lýðfræðilegum tilgangi og svo eins til þess að varpa ljósi á hlutverk klaustursins á Skriðu. Aðeins var um greiningu á eigin aldri, hæð og sýnilegum sjúkdómseinkennum að ræða. Guðný Zoëga hélt síðan greiningunum mannabeina áfram

¹⁴ Steinunn Kristjánsdóttir 2005.

¹⁵ Steinunn Kristjánsdóttir 2005.

árið 2006 og hefur hún nú lokið við heildargreiningu fimm beinagrinda af 37 sem nú eru til í safninu frá Skriðuklaustri.¹⁶

Ljóst er af fyrirliggjandi niðurstöðum að sjúkrastofnun var rekin í einhverri mynd í klaustrinu, því beinasafnið inniheldur sem fyrr segir óvenjuhátt hlutfall sýktra beinagrinda, ungs fólks, nýbura og fyrirbura. Af þeim fimm beinagrindum sem Guðný greindi sýndu þrjár þeirra merki um tvær gerðir smitsjúkdóma, ein merki um snýkjudyf og ein ummerki álagstengdra áverka.¹⁷

Smitsjúkdómarnir eru berklar og sárasótt. Eldri kona með berkla hafði verið jarðsett í Skriðuklausturskirkjugarði. Ekki er óeðlilegt að finna einkenni berkla á beinagrind frá þessum tíma, því tíðni sjúkdómsins jókst þegar leið á miðaldir samhliða þéttbýlismyndunum og auknum samskiptum á milli landa. Tvær beinagrindur af fimm báru skýr merki langt genginnar sárasóttar. Um var að ræða 20-30 ára gamlar konur í báðum tilfellum. Dæmi þessi sýna að sjúkdómurinn hafi herjað hér á landi á svipuðum tíma og annars staðar í Evrópu en þetta er í fyrsta skipti sem sárasótt greinist í beinagrind frá miðöldum hérlendis.¹⁸ Báðir sjúkdómarnir benda til þess að einangrun Skriðuklausturs hafi verið minni á miðöldum en hingað til hefur verið talið.

Í einni þeirra beinagrinda sem greind var fundust skýr ummerki sulls. Beinagrindin var af eldri konu. Leifar kalkgerðra blaðra, líklega sullaveikisblaðra, fundust dreifðar um kviðar- og brjósthol hennar. Sullur finnst sjaldan við fornleifarannsóknir hérlendis, þó hann hafi verið algengur hér á miðöldum og dánartíðni af hans völdum há.¹⁹

Hinir álagstengdu áverkar sem greindir voru á einni beinagrind frá Skriðuklaustri eru merki um harðræði eða erfiða lífsbaráttu. Um var að ræða karlmann um tvítugt. Hafði hann þjáðst af hryggjarlosi, vegna síendurtekens álags, en auk þess axlarbrotnað líklega vegna meiri falls eða annars slyss.²⁰

Mjög brýnt er að halda greiningum mannabeina frá Skriðuklaustri áfram en ljóst er að mannabeinasafnið geymir mikilvægar upplýsingar um heilsufarssögu Íslendinga, auk upplýsinga um mataræði og lifnaðarhætti þeirra á miðöldum.

¹⁶ Skýrsla liggur ekki fyrir þegar þetta er skrifað en vitnað er munnlega í niðurstöður sem hún kynnti á Íslenska Söguþinginu sem haldið var í maí 2006.

¹⁷ Guðný Zoëga, munnleg heimild maí 2006.

¹⁸ Guðný Zoëga, munnleg heimild maí 2006.

¹⁹ Guðný Zoëga, munnleg heimild maí 2006.

²⁰ Guðný Zoëga, munnleg heimild maí 2006.

3.2.5 Dýrabein

Greining dýrabeina hófst haustið 2005 í tengslum við doktorsnám eins starfsmanns Skriðuklaustursrannsókna, Albínu Huldu Pálsdóttur, en hún hyggst nýta dýrabeinasafnið þaðan sem gagnagrunn fyrir doktorsverkefni sitt. Albína hefur lokið við greiningu þeirra dýrabeina sem fundust við uppgröftinn sumarið 2002 en mun greina bein frá uppgrefti árin 2003, 2004, 2005 og 2006 á næstu árum. Jonathan Møller hafði áður greint dýrabeinin sem fundust 2002 og greindi frá niðurstöðum sínum í skýrslu Skriðuklaustursrannsókna III. Niðurstöðum Albínu og Jonathans ber nokkuð vel saman.²¹

Dýrabein frá árinu 2002 eru 1556 talsins. Í safninu eru bein hús- og gæludýra flest, s.s. af nautgripum, hestum, kindum, svíni, geitum, hænsnum og hundum. Auk þess greindi Albína bein sela, skeldýra og villtra sjávar- og innlandsfugla og fiska.²² Brot úr unnu hreindýrshorni var greint úr safninu en það fannst í yfirborðslagi rannsóknarsvæðisins á Skriðu.

Fjölbreytni í mataræði Skriðuklaustursbúa er augljós ef marka má niðurstöður beinagreiningarinnar en rekja má fæðutegundirnar sem þar var neytt jafnt til lands sem sjávar. Mesta athygli vekja einnig bein skepna sem höfð voru til matar, s.s. nautgripa, kindu, geita og hænsna, því samsetning beinategunda í safninu benda til þess að einungis matarmestu bitar skepnanna hafi verið á borðum í klaustrinu.²³ Hundabeinin vekja jafnframt athygli, því í öllum tilfellum er um að ræða innflutta smáhunda.²⁴ Bein samskonar hunda hafa fundist m.a. við uppgröft á Hólum og eru venjulega taldir tilheyra aðilum úr heldri stéttum þjóðfélagsins.

4. Niðurstöður

Afrakstur uppgraftrar á Skriðuklaustri hefur þegar á heildina er litið verið mikill frá upphafi rannsóknar. Uppgrefti er nú lokið á um 600 fermetrum af 1200 fermetra stóru rútasvæði Skriðuklausturs. Fundist hafa á sjötta þúsund gripa og beina, auk þess sem ýmiskonar greiningar hafa verið gerðar. Grunnform klaustursins er að taka á sig mynd og hafa gripir og niðurstöður greininga varpað skýru ljósi á margþætt hlutverk þess.

²¹ Sjá Møller, Jonathan 2003.

²² Albína Hulda Pálsdóttir 2006, bls. 6-7.

²³ Albína Hulda Pálsdóttir 2006, bls. 26.

²⁴ Albína Hulda Pálsdóttir 2006, bls. 10.

Fátt var vitað um byggingar og umsvif Skriðuklausturs áður en rannsóknir hófust þar, fyrst með forrannsókn sumarið 2000 og síðan með uppgreftri sumarið 2002. Löngum hefur verið talið að Skriðuklaustur hafi verið lítið og að hlutverk þess hafi einskorðast við menntun prestsefna, bænahald, eignaumsýslu og ritun bóka og skjala. Fornleifarannsóknin hefur staðfest þessi hlutverk klaustursins en samhliða því gefið tilefni til endurskoðunar á stærð þess, umsvifum og öðrum hlutverkum en þeim sem þekkt voru fyrir.

Rústir klaustursins hafa verið langtum stærri og meiri að umfangi og veglegri að smíðum en áður var talið og hlutverk þess fjölþættara. Í ljós hefur komið að grunnform bygginga Skriðuklausturs hefur jafnframt verið það sama og önnur samtíða klaustur í Evrópu höfðu. Byggingalag íslenskra klaustra hefur til þessa verið umdeilt, einkum vegna skorts á heimildum um þau. Jafnvel hefur verið talið að íslensk klaustur hafi haft séríslenskt útlit vegna byggingarefnisins sem var torf, grjót og rekaviður.

Ljóst er nú að aðgengilegt byggingarefni hafði ekki afgerandi áhrif á byggingarlag klaustra, heldur var reglum kaþólsku kirkjunnar fylgt í hvívetna við byggingu Skriðuklausturs. Það var rekið í ferningslaga byggingu sem samanstóð af klausturhúsum og klausturkirkju, byggð í kringum klausturgarð. Í klausturgarðinum var brunnur en þar var einnig jarðað og í þeim rýmum sem lágu næst garðinum. Klausturgarðar teljast til séreinkenna klaustra, auk klausturhúsa og klausturkirkju. Í öðrum samtíða evrópskum klaustrum voru þeir yfirleitt fjölnota og taldir brúa bilið má milli lífs og dauða. Í þeim fór ræktun mat- og lækningajurta fram, þar var jarðað og vatn sótt. Garðurinn í Skriðuklaustri virðist hafa þjónað sama hlutverki og aðrir garðar í öðrum samtíða kaþólskum klaustrum.

Önnur mikilvæg uppgötvun sem fengist hefur með rannsókninni á Skriðuklaustri snýr að hlutverki klaustursins sem sjúkrastofnun. Líknarboðskapur kaþólskrar kristni er vel þekktur. Frá upphafi klausturlífnaðar á Vesturlöndum hafa spítalar víðast hvar verið reknir í tengslum við kaþólsku klaustrin, einkum þó af reglu Ágústínusa og Benetiktína auk þess sem reglur voru stofnaðar beinlínis til þess að sinna líknarhlutverkinu. Á það jafnt um munka- og nunnuklaustur. Spítalar þessir voru einskonar líknarheimili fyrir sjúka, fátæka og aldraða, reknir bæði innan klaustranna eða í nálægum byggingum.²⁵

²⁵ Aston, Michael 2001, bls. 23; Jón Ólafur Ísberg 2005, bls. 67.

Úr gripasafni uppgrafrarins hafa áhöld til handlækninga verið greind og staðfestu niðurstöður frjókornagreiningarinnar að garðrækt var stunduð í klaustrinu en þrjár tegundir lækningajurta voru ræktaðar markvisst á klausturtíma þar. Greina má ennfremur meinafræðilegar breytingar á nánast öllum beinagrindum fullorðinna sem grafin hafa verið upp úr Skriðuklausturskirkjugarði.



Mynd 12. Grunnform Skriðuklausturs var endurgert að loknum uppgreftri nú í sumar. Að endurgerðinni vann tíu manna hópur frá fjórum löndum Evrópu fyrir fjárframlag úr Culture 2000 áætlun ESB. Verkið var unnið í samráði við Fornleifavernd ríkisins.

Ávinningur af verkefninu er augljóslega mikill, því engar aðrar minjar hafa áður varpað ljósi á hjúkrun og lækningar á miðöldum hérlendis með þessum hætti. Niðurstöðurnar verða ekki einungis nýttar til þess að varpa ljósi á garðrækt í klaustrum hér á landi en þær munu einnig nýtast sem samanburðarefni við garðrækt sem almennt var mikil í kaþólskum klaustrum erlendis. Enn fremur eru þær mikilvægar sem grunnur upplýsinga um sögu hjúkrunar og lækninga hérlendis fyrr á öldum.

Ljóst er að með rannsóknum á Skriðuklaustri verður hægt að ná fram heildstæðri mynd af íslensku miðaldaklaustri, verði þeim haldið áfram þar til klaustrið allt hefur verið grafið fram. Slík heildarmynd er ekki fyrir hendi hérlendis, þó rannsóknir hafi farið fram

á öðrum klausturstöðum. Vegna einstakra aðstæðna á Skriðuklaustri má reikna með að rannsóknin á rústum klaustursins þar geti gegnt lykilhlutverki við samanburðarrannsóknir á öðrum klaustum hérlendis og erlendis, samhliða því að varpa ljósi á klausturhald á þessum tíma á Íslandi.

5. Heimildaskrá

Albína Hulda Pálsdóttir. (2006). *Archaeofauna from Skriðuklaustur, East-Iceland*. Preliminary report 2002 excavation season. New York: NORSEC.

Aston, Michael. (2001). The Expansion of the Monastic and Religious Orders in Europe from the Eleventh Century. Í Graham Keewill, Mick Aston and Teresa Hall (ritstj.), *Monastic Archaeology*. Oxford: Oxbow Books.

Hákon Jensson. (2005). *Klausturgarðurinn á Skriðu. Niðurstöður frjókornagreininga*. Háskóli Íslands: BA-ritgerð í fornleifafræði.

Helgi Hallgrímsson. (2000). *Minjar og saga á Skriðuklaustri. Heimildakönnun og heimildaskrá*. Egilsstaðir: Höfundur.

Jón Ólafur Ísberg. (2005). *Lif og lækningar. Íslensk heilbrigðissaga*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Møller, Jonathan. (2003). *Identification of Skriðuklaustur's animal bones 2002*. Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna III. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.

Nilsson, Bertil. (1994). *Kvinnor, män och barn på medeltida begravningsplatser*. Projectet Sveriges kristnande. Publicationer 3. Uppsala: Lunne Böcker.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. (2005). *Miðaldaklaustrið á Skriðu. Leirker*. Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna X. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.

Steinunn Kristjánsdóttir. (2001). *Klaustrið á Skriðu. Forkönnun sumarið 2000*. Skýrslur Minjasafns Austurlands XII. Egilsstaðir: Minjasafn Austurlands.

Steinunn Kristjánsdóttir. (2005). *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla Skriðuklaustursrannsókna 2004*. Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna IX. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.

Munnleg heimild

Guðný Zoëga réttarmannfræðingur, fyrirlestur haldinn á Íslenska söguþinginu 19. maí 2006.

6. Fylgiskjöl


6.1 Rústir Skriðuklausturs að lokum uppgreftri haustið 2005



Skriðuklaustur
Heildaryfirlit 2002 – 2005
N → 2 m



6.2 Staðsetning sex gripa sem fundust við uppgröft sumarið 2005



6.3 Niðurstöður kolefnisaldursgreininga

Samples: Steinunn Kristjánsdóttir - Rekalibreringer (Stuiver et al., 1998a)

Date: 28 August 2005

J.nr.: nycal\kristjan-r01

| AAR-# | Sample Type | Collection Site | ¹⁴ C Age (BP) | Reservoir corrected ¹⁴ C Age (BP*) | Calibrated age ±1 stdv. | δ ¹³ C (‰) VPDB | Submitter |
|-----------------|--------------|--|--------------------------|--|--|-------------------------------|-----------------------------|
| AAR-Beta-200093 | bone (human) | Resultat af 14C -datering fra Island. Kalibrering af resultater. | 630 ± 40 | 439 ± 40 (Res. age: 0.42 x 450 years) | 68.2% probability 1436AD (68.2%) 1482AD 95.4% probability 1410AD (95.4%) 1530AD | -17.4 | Steinunn Kristjánsdóttir |
| AAR-Beta-200094 | bone (human) | Resultat af 14C -datering fra Island. Kalibrering af resultater. | 500 ± 40 | 320 ± 40 (Res. age: 0.40 x 450 years) | 68.2% probability 1520AD (68.2%) 1640AD 95.4% probability 1480AD (95.4%) 1660AD | -17.6 | Steinunn Kristjánsdóttir |
| AAR-Beta-200095 | bone (human) | Resultat af 14C -datering fra Island. Kalibrering af resultater. | 260 ± 40 | 207 ± 40 (Res. age: 0.12 x 450 years) | 68.2% probability 1650AD (23.8%) 1690AD 1740AD (38.7%) 1810AD 1930AD (5.7%) 1950AD 95.4% probability 1630AD (31.7%) 1710AD 1720AD (50.5%) 1820AD 1830AD (2.6%) 1880AD 1910AD (10.6%) 1950AD | -20.0 | Steinunn Kristjánsdóttir |
| AAR-Beta- | bone (human) | Resultat af 14C -datering fra Island. | 310 ± 40 | 188 ± 40 | 68.2% probability | -18.7 | Steinunn |

| AAR-# | Sample Type | Collection Site | ¹⁴ C Age (BP) | Reservoir corrected ¹⁴ C Age (BP*) | Calibrated age ±1 stdv. | δ ¹³ C (‰) VPDB | Submitter |
|---------------------|--------------|--|--------------------------|--|---|-------------------------------|-----------------------------|
| 200096 | | Kalibrering af resultater. | | (Res. age: 0.27 x 450 years) | 1660AD (18.0%) 1690AD 1730AD (46.6%) 1810AD 1930AD (3.6%) 1950AD 95.4% probability 1640AD (82.3%) 1820AD 1830AD (4.1%) 1880AD 1920AD (9.0%) 1950AD | | Kristjánsdóttir |
| AAR-Beta- 200097 | bone (human) | Resultat af 14C -datering fra Island. Kalibrering af resultater. | 330 ± 40 | 150 ± 40 (Res. age: 0.40 x 450 years) | 68.2% probability 1670AD (61.9%) 1820AD 1930AD (6.3%) 1950AD 95.4% probability 1660AD (84.1%) 1890AD 1910AD (11.3%) 1950AD | -17.6 | Steinunn Kristjánsdóttir |


¹⁴C ages are reported in conventional radiocarbon years BP (before present = 1950) in accordance with international convention (M. Stuiver & H.A. Polach: Discussion of reporting **14**C data. Radiocarbon 19-3 (1977) p. 355).

Thus, all calculated ¹⁴C ages have been corrected for fractionation so as to refer the result to be equivalent with the standard $\delta^{13}\text{C}$ value of -25‰ (wood). Reported $\delta^{13}\text{C}$ values have been measured by Dr. Árný E. Sveinbjörnsdóttir, Science Institute of the University of Iceland, in connection with the Aarhus-Reykjavík AMS ¹⁴C dating collaboration.

Dates of marine samples (eg. shells and marine mammals) have to be corrected for reservoir effect to be comparable to contemporaneous terrestrial material. The ocean reservoir age (approx. 400 y depending on location) is subtracted from the conventional ¹⁴C age to obtain the reservoir corrected age given in the second ¹⁴C age column. The reservoir corrected ¹⁴C ages of marine samples are calibrated following the procedure described below. When marine sample dates are published, the conventional, uncorrected ¹⁴C age should always be quoted. When corrected ¹⁴C ages are quoted, the reservoir age used should be given explicitly.

Calibrated ages in calendar years have been obtained from the calibration tables in *Stuiver et al. 1998 Radiocarbon vol. 40(3) pp 1041-1083* by means of the 1998 version (4.0) of the Seattle CALIB programme (*Stuiver and Reimer 1993 Radiocarbon 35(1) pp 215-230*) using the 10 yr terrestrial calibration curve. The intercept of the measured ¹⁴C age with the calibration curve is given in the first line (as a time interval if more than one intercept). The intercept method has been used to calculate the calibrated age interval (second line) corresponding to ± 1 standard deviation in the conventional ¹⁴C age.

_Mix_C = INTCAL98 & MARINE98 (42±0%);OxCal v3.8 Bronk Ramsey (2002); cub r:4 sd:12 prob usp[chron]



Samples: Steinunn Kristjánsdóttir

Date: 29 August 2005

J.nr.: kristjan.r01

| AAR-# | Sample Type | Collection Site | ¹⁴ C Age (BP) | Reservoir corrected ¹⁴ C Age (BP') | Calibrated age (1 & 2 sigma ranges) | δ ¹³ C (‰) VPDB | δ ¹⁵ N (‰) AIR | Submitter ID | Submitter |
|----------|--------------|--|--------------------------|--|---|----------------------------|---------------------------|-------------------------------------|---|
| AAR-9684 | bone (human) | Skriduklaustur Monastery, Flótsdalur Valley, East Iceland. Human bone (phalang). The sample was taken from grave 46. The grave contained remains of a young female (approximately 15 years) that had suffered from a bad bacterial infection of unknown kind. The sample was chosen from an uninfected bone. The Skriduklaustur Monastery was run during the period 1493-1550, according to contemporary written documents. The excavation, has so far supported this dating of the monastic buildings on the site. Still, the cemetery that is connected to the monastery can have been in use already when the monastery was founded, and it can even have been in use as late as in 1793. Also, the human bones already exhumed from the cemetery at Skriduklaustur support the theory that the monastery did function as a hospice. It is also possible that there was a hospice run at Skriduklaustur before the monastic period. 0.75m below surface. 39m asl. (501.223 Lat, 1501.647 Long) <i>Exp. age:</i> 1500 AD. | 500 ± 33 | 372 ± 33 (Res. age: 0.29 x 450 years) | 68.2% probability 1450AD (51.2%) 1530AD 1570AD (0.7%) 1580AD 1590AD (16.3%) 1620AD 95.4% probability 1450AD (95.4%) 1640AD (Marine04 DR=50) | -18.58 | 12.58 C:N 3.1 | Grave no. 46, S200436188 3 | Steinunn Kristjánsdótti r/Niels Lynnerup |
| AAR-9685 | bone (human) | Skriduklaustur Monastery, Flótsdalur Valley, East Iceland. Human bone. The sample was taken from grave 51. The grave contained remains of a female, approximately 25 years or more. The | 229 ± 30 | 43 ± 30 (Res. age: 0.41 x 450 years) | 68.2% probability 1825AD (5.3%) 1835AD 1870AD (62.9%) 1925AD 95.4% probability 1710AD (1.7%) 1720AD | -17.48 | 16.17 C:N 3.1 | Grave no. 51, S200436188 4 | Steinunn Kristjánsdótti r/Niels Lynnerup |

| AAR-# | Sample Type | Collection Site | ¹⁴ C Age (BP) | Reservoir corrected ¹⁴ C Age (BP') | Calibrated age (1 & 2 sigma ranges) | δ ¹³ C (‰) VPDB | δ ¹⁵ N (‰) AIR | Submitter ID | Submitter |
|-------|-------------|--|--------------------------|---|--|----------------------------|---------------------------|--------------|-----------|
| | | preservation skills were rather bad in the part of the graveyard she was found. Sample information: see AAR-9684. 1.20m below surface. 39m asl. (501.223 Lat, 1501.647 Long) <i>Exp. age:</i> 1500 AD. | | | 1810AD (93.7%) 1940AD (Marine04 DR=50) | | | | |

¹⁴C ages are reported in conventional radiocarbon years BP (before present = 1950) in accordance with international convention (M. Stuiver & H.A. Polach: Discussion of reporting ¹⁴C data. Radiocarbon 19(3) (1977) p. 355).

Thus, all calculated ¹⁴C ages have been corrected for fractionation so as to refer the result to be equivalent with the standard δ¹³C value of -25‰ (wood). Reported δ¹³C and δ¹⁵N values have been measured by high-precision stable-isotope mass spectrometry. The values represent the isotopic composition of the original sample and is therefore useful for interpretation regarding association with the terrestrial/marine/freshwater food chains as well as trophic levels.


Calibrated ages in calendar years have been obtained from the calibration curves in *Reimer et al. 2004 Radiocarbon vol. 46(3) pp 1029-1058* by means of the Oxcal v3.10 calibration programme (*Bronk Ramsey C., 2001, Radiocarbon, 43 (2A) 355-363*) using the terrestrial calibration curve, **IntCal04** (for marine samples, see below). The probability method has been used to calculate the calibrated age ranges corresponding to 68.2% probability (1 sigma) and 95.4% probability (2 sigma) with the probability of each range given in brackets (indicating the probability that the true date belongs to the interval in question).

Dates of marine samples (eg. shells and marine mammals) have to be corrected for reservoir effect to be comparable to contemporaneous terrestrial material. The ocean reservoir age (approx. 400 y depending on location) is subtracted from the conventional ¹⁴C age to obtain the reservoir corrected age given in the second ¹⁴C age column. When marine sample dates are published, the conventional, uncorrected ¹⁴C age should always be quoted. When corrected ¹⁴C ages are quoted, the reservoir age used should be given explicitly.

For marine samples, calibrated ages in calendar years have been obtained from the marine model calibration curve (**Marine04**, see *Hughen et al. 2004 Radiocarbon vol. 46(3) pp 1059-1086*; *Stuiver & Braziunas 1993 Radiocarbon 35(1) pp 137-189*) using the Oxcal v3.10 programme with the probability method. The marine model takes into account the smoothing in the world ocean of the sharper wiggles found in the atmospheric calibration curve. If not specifically stated otherwise, the local deviation (Delta-R) from the average world ocean model is assumed to be zero, corresponding to a standard reservoir age of 400 y. For sample species which have fed on a mixture of the marine and terrestrial food chains (e.g. humans, dogs and pigs) in the proportion quoted in the reservoir corrected result column, the calibration is based on the corresponding mixture of the marine and terrestrial calibration curves. The world ocean marine model is not expected to represent the local Danish waters (Kattegat and the fjords) and calibrated ages are therefore obtained with the terrestrial calibration curve applied to the reservoir corrected ¹⁴C age for samples from these areas.

_Mix_C = IntCal04 & Marine04 (29=0%);OxCal v3.10 Bronk Ramsey (2005); cub r:4 sd:12 prob usp[chron]

Skriduklaustur Monastery



Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna

- I. Steinunn Kristjánsdóttir 2003: *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsókna 2002*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- II. Magnús Sigurgeirsson 2003: *Skriðuklaustur í Fljótsdal – fornleifarannsókn 2002. Gjóskulagagreining*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- III. Jonathan Møller 2003: *Identification of Skriðuklaustur's animal bones 2002*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- IV. Steinunn Kristjánsdóttir 2004: *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsókna 2003*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- V. Giuseppe Venturini 2004: *Preservation Condition of Metal Objects From Skriðuklaustur Excavation 2003*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- VI. Hákon Jensson 2004: *Garðrækt í Skriðuklaustri*. Verkefni Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- VII. Albína Hulda Pálsdóttir 2004: *Bókagerð í miðaldaklaustrinu á Skriðu í Fljótsdal*. Verkefni Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- VIII. Macchioni, Nicola og Lazzeri, Simonia 2004: *Anatomical identification of the wooden samples from the Skriðuklaustur excavation (samples collection summer 2003)*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- IX. Steinunn Kristjánsdóttir. (2005). *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla Skriðuklaustursrannsókna 2004*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- X. Ragnheiður Gló Gylfadóttir. (2005). *Miðaldaklaustrið á Skriðu. Leirker*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.